

Félagsfundur í Öldungadeild Læknafélags Íslands 8. maí 2024

Fyrirlesarar: Davíð Þórisson , bráðalæknir, og Halldór Ólafsson, læknir.

Efni: „Gervigreind í klíník“

Mættir: 44 skráðir, félagsmenn og nokkrir gestir.

Formaður setti fund kl. 16, minnti á næstu atburði framundan hjá félaginu, aðalfund í lok maí og tvær ferðir. Hann minntist tveggja látinna lækna, Geirs Ólafssonar og Árna Skúla Gunnarssonar. Gaf hann síðan fyrirlesara orðið. Davíð Þórisson stofnaðu Matthiasi Leifssyni, kollega sínum, nýsköpunrfyrirtækið Leviosa utan um hönnun nýs sjúkraskrárkerfis sem nýtir gervigreind. Sem bráðalæknir þekkti hann rafrænt sjúkraskrárkerfi sem lengi hefur verið í notkun og einnig sívaxandi áþján af skrifinnsku og setur við tölvuskjá í heilbrigðiskerfinu. Notkun á tölvutækni og gervigreind er auðvitað alls ekki ný í læknisfræðinni og hefur lengi verið notuð í myndgreiningu og smásjárgreiningum. En svo kom ChatGPT og þá varð gervigreind almenningseign, hægt að senda fyrirspurnir á mannamáli og fá læsilega texta. Hversu miklu breytir gervigreind í klíník? Það kemur ekkert í stað mannlegs læknis en gervigreindin getur verulega flýtt fyrir. Gervigreindin er örskotsstund að vinna úr miklu gagnamagni og setja fram tölfræðilega líklegustu niðurstöðuna. Leviosa kerfið hefur verið í þróun í 5 ár og er nú komið í prófanir. Í rauninni virkar það eins og gamaldags læknirinn sem labbaði með diktafón, var fljótur að afgreiða hlutina og ritarar skiluðu læsilegum afurðum. Í þessu kerfi er hægt að gera og halda utan um sögu, beiðnir, bréf, vottorð o.fl. og t.d. setja inn myndefni. Útkoman á að vera minni tími við tölvur, meiri tími með sjúklingi. Halldór Ólafsson, sem hefur nýlega lokið doktorsverkefni, rakti hvernig gervigreindin nýtist við rannsóknir og ritun vísindagreina, allt frá söfnun gagna og úrvinnslu t.d. viðamikilla faraldsfræðilegra niðurstaðna til greinaskrifa frá fyrsta uppkasti til styttingar texta. En gervigreindin er ekki höfundur textans. Í svörum sínum við fyrirspurnum frá “gömlum hundum” í læknastétt, þar sem vissulega örlaði á tortryggni og efasemdum, lögðu fyrirlesarar áherslu á að gervigreindin flýtti fyrir og létti störf, færði læknum ný tól og tækifæri, en alltaf þyrfti yfirferð manlegrar greindar.

Fundi slitið kl. 16:55